



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2023

GRTE1FÚ05

Kennari	Gunnar Valdimarsson, gunnarvald@fss.is	
Viðtalstími	Fimmtudag kl. 10:20-11:00	
Námsefni	Grunnteikning II verkefnamappa IÐNÚ bóksala (vefverslun)	
Áfangalýsing	Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist áframhaldandi almenna þekkingu og þjálfun í teiknifræðum. Áfanginn skiptist í þrjá megin þætti: Flatarteikningu, fallmyndun og yfirborðsútflatninga og fríhendisteikningu. Í áfanganum er gert ráð fyrir að nemendur öðlist frekari færni í meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda, myndrænni vinnu með viðfangsefni starfsgreina, þjálfist í lestri og gerð vinnu-teikninga, fríhendisrissteikningu, gerð flatarmynda og útflatninga. Áfanginn er undirbúningur fyrir fagbundið nám í teiknifræðum.	

Námsmat og vægi námsmatspátta	Áfanginn er símatsáfangi sem byggist á verkefnavinnu/tímaverkefnum (viðveru, vinnubrögðum og frágangi) sem gildir 70% og tímakönnunum sem gildir 30%.	
	Til að standast áfangann þarf nemandinn að skila öllum tímaverkefnum og ná að lágmarki 5,0 úr könnunum. Skila á tímaverkefnum til kennara í lok hverrar viku, árituðum (með penna) þar sem fram kemur nafn viðkomandi og dagsetning þess dags sem skilað er. Vanskil hefur áhrif á einkunnargjöf.	
	Nemanda ber að skila öllum verkefnum sem tilgreind eru á kennsluáætlun og fá þau samþykkt af kennara.	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐ Sleppikerfi ☐
	Heiti	Vægi
	Verkefnamappa	70%
	Kaflapróf og verkefni	30%

Reglur áfanga	Slökkt skal vera á farsímum í kennslustund! Teikniáfangar eru verklegir vinnuáfangar sem þýðir að nemanda ber að nýta tímann vel til verkefnavinnu. Í upphafi hvers kafla skal nemandi lesa kynningu í kennslubók!
---------------	--

Efni og áhöld sem nemandi a að vera með	T-stika ca. 45 sm. löng, eða (teiknibretti fyrir A3 blöð) Teiknihorn: 45°/45°/90°, og 30°/60°/90° (meðalstór ca. 25 - 30 sm.) (Reglustika ca. 25 - 30 sm.) Tveir blýantar H og HB Yddari Strokleður (Línuveiðari) Límband (málarateip) ef nemandi er ekki með teiknibretti Góður hringfari (sirkill) Rúðustrikuð blöð (reiknisblöð/rissblöð)
--	--

Annað sem kennari vill láta koma fram	Samkvæmt aðalnámskrá er skyldumæting í alla tíma. Kennari áskilur sér rétt til þess að vísa nemanda úr kennslustund komi hann án námsgagna í tíma. Ef nemandi sinnir ekki þeirri vinnu sem hann á að vinna í tíma og hefur truflandi áhrif á samnemendur sína má hann eiga það á hættu að vera vikið úr tíma. Nemandi hefur fjóra daga til þess að gera athugasemdir við viðveru (fjarvistir sínar)!
--	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • upplýsingamiðlun með tæknilegum teikningum	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • lestri einfaldra tæknilegra vinnuteikninga og gerð einfaldra þrívíðra teikninga og fríhendisteikninga. • Nákvæmum vinnubrögðum og notkun á teikniáhöldum.
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • vera undirbúinn undir frekara nám í teiknifræðum. • hafa þekkingu og færni til að skipuleggja, árita og ganga frá einföldum tæknilegum teikningum og miðla upplýsingum á skilvirkan hátt.	

Vinnuáætlun

Tímasókn	16 vikur x 4 klst	64 klst
Undirbúningur og frágangur	16 vikur x 1,5 klst	24 klst
Undirbúningur fyrir kannanir	5x2 klst	10 klst
Alls		98 klst = 5 feín*

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 18. - 25. ágúst	Flatarteikning	1,2,3,4,5,6 Hugtök könnun
2. vika 28. ágúst - 1. september	Flatarteikning	7, 8, 9, 10
3. vika 4. - 8. september	Flatarteikning	11,12,13,14
4. vika 11. - 15. september	Flatarteikning	15,18,19
5. vika 18. - 22. september	Flatarteikning	Flatarteikning könnun
6. vika 25. - 29. september	Fallmyndun II	1, 2, 3, 4, 5
7. vika 2. - 6. október	Fallmyndun II	7,8,9,10,12
8. vika 9. - 13. október	Fallmyndun II	13,14,16,17
9. vika 16. - 20. október <i>Vetrarleyfi</i>	Fallmyndun II	20,23, 24,25
10. vika 23. - 27. október <i>Miðannarmat</i>	Fallmyndun II	26,29,32,33,34 Útflatningar könnun
11. vika 30. október - 3. nóvember	Fríhendisteikning II	1,2,3,4,5,6,7
12. vika 6. - 10. nóvember	Fríhendisteikning II	8,10,11,12,13,14
13. vika 13. - 17. nóvember	Fríhendisteikning II	15,16,17,18,19,20,21
14. vika 20. - 24. nóvember	Fríhendisteikning II	22,23,24,25,26,27,28
15. vika 27. nóvember- 1. desember	Fríhendisteikning II	29,30,31,32,33,34,35
16. vika 4. - 7. desember	Fríhendisteikning II	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Gunnar Valdimarsson